

Efni: Ósk um umsögn

Góðan dag

Þetta bréf er sent til mögulegra hagsmunaaðila varðandi framtíðarskipulag náttúruverndar og innviða innan landslagsheildarinnar í Vonarskarði.

Um nokkurt skeið hefur verið ósamkomulag vegna lokunar Vonarskarðs fyrir akstri vélknúinna ökutækja og hjólreiða en svæðið er innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs tók málefni Vonarskarðs upp á sl. ári vegna tilmæla í bréfi frá umhverfis- og auðlindaráðherra frá 12. júní 2013 en ekki hafði verið brugðist við því bréfi. Með bréfinu staðfesti ráðherra breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs samhliða því að koma með tilmæli til stjórnar vegna Vonarskarðs. Í bréfi ráðherra segir orðrétt:

“Tilmæli um nánari skoðun

*Líkt og við afgreiðslu á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins 2011 vill ráðherra beina þeim tilmælum til stjórnar þjóðgarðsins um frekari skoðun á ákveðnum atriðum, samtímis því að staðfesta áætlunina. Í þessu tilviki eru það málefni útivistar og náttúruverndar í Vonarskarði, þar sem fram hafa komið tillögur að breytingum sem kalla á umræður og ítarlega yfirferð. **Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til stjórnar þjóðgarðsins að skoða þetta sérstaklega og hafa samstarf við helstu hagsmuna- og umsagnaraðilar um málefni Vonarskarðs í því skyni að tryggja að sem best sé haldið á hagsmunum náttúruverndar og útivistar. Þannig vill ráðuneytið halda áfram þeirri viðleitni að skapa sem mesta sátt um þjóðgarðinn.”***

Einnig koma fram tilmæli í bréfi ráðherra vegna nýrra ákvæða í stjórnunar- og verndaráætlun um að opna aðgengi að Vonarskarði fyrir hestaumferð og hvort breyta eigi verndarflokkun á svæðum í Vonarskarði til að tryggja enn frekar verndun viðkvæmra svæða.

Vinnuhópur á vegum þjóðgarðsins fór yfir þau skjöl sem fyrir liggja í málinu auk þess sem leitað var eftir lögfræðialiti. Niðurstaða hópsins var að framsetning efnislegra raka og formlegt samráð hefði getað verið markvissara þótt fulltrúar hagsmunaaðila hafi haft aðgang að því að koma sínum sjónarmiðum að bæði í svæðisráði og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. Lagði starfshópurinn til að úr því yrði bætt til að taka af allan vafa um að öll mikilvæg sjónarmið hefðu komið fram. Eðlilegt væri einnig að leita álits þeirra aðila sem eru umsagnaraðilar um stjórnunar- og

verndaráætlun þjóðgarðsins auk lykilstofnana sem fara með skipulagsmál, grunnrannsóknir og öryggismál. Þegar álit fagaðila lægju fyrir yrði sett af stað samráðsferli við helstu hagsmunaaðila s.s. sveitarfélög og félög á sviði útivistar og náttúruverndar. Stjórn samþykkti tillögurnar (sjá fundargerð 131.fundar) og í framhaldinu voru send erindi til áðurnefndra fagaðila þar sem þeir voru beðnir að vinna úttekt eða veita umsögn um svæðið Vonarskarð. Óskað var eftir:

„að stofnunin leggi mat á landslagsheildina með tilliti til mikilvægis hennar bæði í nútíð og framtíð. Að mati svæðisráðs þarf að hafa í huga gildi svæðisins sem heildar, verðmæti kyrrðar og víðernis, þolmörk, aðgengi, öryggismál og annað sem máli skiptir í framtíðarskipulagi svæðisins.(Sjá útsend bréf)“

Nú þegar umbeðin gögn liggja fyrir er komið að næsta hluta ferlisins og því biðjum við nú helstu hagsmunaaðila s.s. sveitarfélög og félög á sviði útivistar og náttúruverndar um þeirra álit á hvernig framtíðarskipulagi svæðisins sé best háttað. Í framhaldinu verður unnt að taka ákvörðun um framtíðarskipan mála í Vonarskarði.

Í gildandi stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs frá 2013 er eftirfarandi kafli um Vonarskarð:

Forsendur:

Vonarskarð liggur milli Vatnajökuls og Tungnafellsjökuls og stendur í um 900-1300 m hæð yfir sjávarmáli. Þar er háhitasvæði og innan þess fjögur jarðhitasvæði. Þar er meðal annars kolsýruhverasvæði með hátt verndargildi og þar finnast einnig sjaldgæfar háplöntu- og mosategundir. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands er verndargildi svæðisins metið hátt vegna þess að þar er fjölbreytileg og upprunaleg jarðfræði auk fágætra og fjölbreytilegra jarðhitaummerkja. Þar myndar gróður fágæta og upprunalega heild. Svæðið er fremur viðkvæmt og þarf ekki mikla umferð til að valda varanlegri röskun á svæðinu.

Markmið:

Að vernda sérstæðar jarðmyndanir og gróður. Vonarskarð verði vettvangur göngufólks án truflunar frá vélknúnum ökutækjum.

Skilmálar:

Umferð vélknúinna ökutækja í gegnum Vonarskarð er óheimil milli Svarthöfða og Gjóstuklifs nema á frosinni og snævi þakinni jörð í samræmi við almenna skilmála um vetrarakstur. Vetrarakstur er þó ávallt óheimill á og við jarðhitasvæði í Snapadal. Hestaferðir í gegnum Vonarskarð eru háðar leyfi þjóðgarðsvarðar á vestursvæði. Umferð reiðhjóla er ekki leyfð í Vonarskarði. Stýra skal umferð göngufólks um hverasvæðið með tilliti til öryggis gesta og verndunar jarðmyndana.

Svæðisráð vestursvæðis óskar eftir svörum við eftirfarandi spurningum: Gott að fá stuttan rökstuðning með svörum þar sem það á við.

1. Eru að ykkar mati einhverjir mikilvægir þættir sem ekki hafa fengið umfjöllun í þeim álitum/umsögnum sem borist hafa?
2. Gönguleiðir í Vonarskarði: Í dag liggja nokkrar stikaðar gönguleiðir um svæðið, hægt er að sjá þær og upplýsingar um þær, á heimasíðu Vatnajökulspjóðgarðs (vjp.is). Ætti að fjölga/fækka gönguleiðum um svæðið eða halda óbreyttu ástandi?
3. Reiðhjólaumferð: Í dag er umferð reiðhjóla óheimil í Vonarskarði. Ætti að leyfa hana eða halda óbreyttu ástandi? Ef hún væri leyfð, hvar ætti hún þá að fara um skarðið?
4. Vélknúin umferð: í dag er vélknúin umferð óheimil í Vonarskarði, nema á frosinni og snævi þakinni jörð í samræmi við almenna skilmála um vetrarakstur. Ætti að leyfa vélknúna umferð eða halda óbreyttu ástandi? Ef hún væri leyfð, hvar ætti hún þá að fara um skarðið og á hvaða tíma?
5. Hestaumferð: Hestaferðir í gegnum Vonarskarð eru í dag háðar leyfi þjóðgarðsvarðar á vestursvæði. Er ástæða til að breyta því skipulagi? Ætti að merkja reiðleið gegnum skarðið og þá hvar?

Æskilegt væri að fá svör við erindi þessu fyrir 7. maí nk.
Með fyrirfram þökk og von um góðar undirtektir.

fh. svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

Fanney Ásgeirsdóttir



Fanney Ásgeirsdóttir

Þjóðgarðsvörður / Park Manager

Vatnajökulspjóðgarður / Vatnajökull National Park
Kirkjubæjarstofa, Klausturvegi 2, 880 Kirkjubæjarklaustri, Iceland
Sími / Tel: +(354) 470-0401; M: +(354) 842-4375 www.vjp.is